

REGLUGERÐ

um innleiðingu reglugerða á sviði flugverndar.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að innleiða reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins eins og nánar greinir í 2. gr. Gildissvið reglugerðanna takmarkast í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004, vegna innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi.

2. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1217/2003 frá 4. júlí 2003 um sameiginlegar forskriftir fyrir innlendar áætlanir um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningsflugi, merkt fylgiskjal 1, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 63/2004 frá 26. apríl 2004.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1486/2003 frá 22. ágúst 2003 um verklagsreglur við eftirlit á vegum framkvæmdastjórnarinnar á sviði flugverndar í almenningsflugi merkt fylgiskjal 2, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 156/2004 frá 29. október 2004.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1138/2004 frá 21. júní 2004 um sameiginlega skilgreiningu á viðkvæmstu hlutum haftasvæða flugverndar á flugvöllum, merkt fylgiskjal 3, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 158/2004 frá 29. október 2004.

Reglugerðirnar eru birtar sem fylgiskjöl með reglugerð þessari.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 70. gr., 4. mgr. 78. gr. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. janúar 2006.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1217/2003**

frá 4. júlí 2003

um sameiginlegar forskriftir fyrir innlendar áætlanir um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningssflugi

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikilvægt er að hvert aðildarríki þrói og hrindi í framkvæmd innlendra áætlun um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningssflugi til að tryggja skilvirkni eigin áætlunar um flugvernd í almenningssflugi í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002.
- 2) Forskriftir fyrir innlendar áætlanir um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningssflugi, sem aðildarríkin eiga að framkvæma, skulu tryggja samræmdar aðferðir á þessu sviði. Reglugerð er því best til þess fallin.
- 3) Eftirlit innan Bandalagsins með innlendum áætlunum um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningssflugi krefst samræmdra aðferða við mat á samræmisefirliti á innlendum vettvangi.
- 4) Ef úttektirnar, sem eru á ábyrgð viðeigandi yfirvalds, eiga að vera skilvirkar verður að framkvæma þær reglulega. Þær má ekki takmarka með tilliti til viðfangsefnis, áfanga eða tímasetningar. Þær skulu fara þannig fram að skilvirkni sé tryggð með viðeigandi hætti.
- 5) Þróun ítarlegrar, sameiginlegrar aðferðafræði fyrir úttektir skal hafa forgang.
- 6) Nauðsynlegt er að þróa samræmda skýrslugjöf um ráðstafanir, sem eru gerðar til að uppfylla skuldbindingarnar samkvæmt þessari reglugerð, og ástand flugverndar á flugvöllum á yfirráðasvæði aðildarríkanna.
- 7) Innlendar áætlanir um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningssflugi skulu byggjast á bestu starfsvenjum. Aðildarríkin skulu skiptast á upplýsingum um slíkar bestu starfsvenjur.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

MARKMID OG SKILGREININGAR

1. gr.

Markmið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sameiginlegar forskriftir fyrir innlendar áætlanir um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningssflugi sem hvert aðildarríki á að innleiða. Þetta felur í sér að koma á sameiginlegum kröfum um áætlanir um gæðaeftirlit, sameiginlega aðferðafræði fyrir úttektir, sem á að framkvæma, og sameiginlegar kröfur til úttektarmanna.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Viðeigandi yfirvald“: innlent yfirvald sem aðildarríki tilnefni skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 sem ábyrgt fyrir samræmingu á og eftirliti með framkvæmd flugverndaráætlunar þess ríkis í almenningssflugi.
2. „Úttekt“: allar verklagsreglur eða ferli sem eru notuð við samræmisefirlit á innlendum vettvangi. Hún tekur til úttekta, skoðana, kannana, prófana og rannsókna vegna flugverndar.
3. „Úttektarmaður“: hver sá sem framkvæmir úttektir innanlands.
4. „Frávik“: kröfur um flugvernd eru ekki uppfylltar.
5. „Skoðun“: rannsókn á framkvæmd eins eða fleiri þátta ráðstafana og verklagsreglna í flugvernd til að ákvarða hversu markvisst þeim er framfylgt.
6. „Rannsókn“: athugun á flugverndaratviki og skýring á orsökum þess til að koma í veg fyrir að það endurtaki sig og til að íhuga hvort höfða eigi mál.
7. „Áætlun um gæðaeftirlit“: innlend áætlun um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningssflugi.
8. „Úttekt á flugvernd“: ítarleg athugun á öllum þáttum ráðstafana og verklagsreglna í flugvernd til að ákvarða hvort þeim sé fylgt eftir að staðaldr og samkvæmt föstum staðli.

⁽¹⁾ Stjótt. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

9. „Flugverndaratvik“: atvik sem felur í sér neikvæð áhrif að því er varðar vernd og öryggi einstaklinga og eigna.
10. „Könnun“: mat á rekstri til að ákvarða þarfir vegna flugverndar. Þetta felur í sér greiningu á varnarleysi sem hægt væri að nýta til að fremja ólöglegar aðgerðir enda þótt viðhafðar séu ráðstafanir og verklagsreglur í flugvernd, og tillögur um viðbótarverndarráðstafanir, sem eru í réttu hlutfalli við ógnina, til að bregðast við greindum hættum.
11. „Prófun“: prófun flugverndarráðstafana þar sem viðeigandi yfirvald framkvæmir eða líkir eftir ásetningi um að fremja ólöglegt athæfi í því skyni að meta skilvirkni gildandi flugverndarráðstafana og framkvæmd þeirra.

II. KAFLI

SAMEIGINLEGAR KRÖFUR UM ÁÆTLANIR UM GÆÐAEFTIRLIT

3. gr.

Heimildir viðeigandi yfirvalds

Til að tryggja skilvirkni flugverndaráætlunar landsins í almenningsflugi skulu aðildarríkin veita viðeigandi yfirvaldi tilskildar fullnusturáðstafanir.

4. gr.

Inntak áætlunar um gæðaeftirlit

1. Áætlun um gæðaeftirlit skal fela í sér allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði gæðaeftirlits til að meta reglulega framkvæmd innlendrar flugverndaráætlunar í almenningsflugi, þ.m.t. þær stefnur sem þær grundvallast á.
2. Í áætlun um gæðaeftirlit skal fjallað um eftirfarandi þætti:
 - a) stjórnskipulag, ábyrgð og úrræði,
 - b) starfslýsingar og menntun og hæfi allra úttektarmanna sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd áætlunar um gæðaeftirlit,
 - c) eftirlit með rekstri, þ.m.t. tegundir, markmið, inntak, tíðni og áherslur úttekta, skoðana, kannana og prófana vegna flugverndar sem og flokkunarkerfi fyrir samræmisefirlit og, eftir atvikum, umfang og ábyrgð á rannsóknnum,
 - d) aðgerðir sem miða að því að lagfæra frávik þar sem gefin eru nákvæm fyrirmæli um hvernig skuli skýra frá, fylgja eftir og lagfæra frávik í því skyni að tryggja á skilvirkan hátt að kröfur um flugvernd séu uppfylltar,
 - e) fullnusturáðstafanir og
 - f) upplýsingar og skýrslugjöf um þá starfsemi sem fram hefur farið og að hve miklu leyti kröfur um flugvernd eru uppfylltar.

5. gr.

Samræmisefirlit

1. Hafa skal eftirlit með framkvæmd innlendrar flugverndaráætlunar.
2. Eftirlitið fer fram í samræmi við áætlun um gæðaeftirlit, að teknu tilliti til hættustigs, tegundar og eðlis rekstursins, framkvæmdarstaðals og annarra þátta og mats sem krefst tíðara eftirlits.
3. Stjórnun og skipulag áætlunar um gæðaeftirlit ásamt forgangsröðun skal fara fram óháð rekstrarlegri framkvæmd ráðstafana sem gripið er til samkvæmt innlendri flugverndaráætlun í almenningsflugi.

6. gr.

Skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu árlega leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt þessari reglugerð, og um ástand flugverndar á flugvöllum á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Leiðbeiningar um skýrslugjöf er að finna í I. viðauka.
2. Viðmiðunartímabilið fyrir skýrsluna skal vera 1. janúar til 31. desember. Skýrslan skal vera tilbúin tveimur mánuðum eftir að viðmiðunartímabilinu lýkur. Sú undantekning er gerð frá þessu að skýrsla fyrir tímabilið 19. júlí 2003 til 31. desember 2003 skal lögð fram fyrir lok febrúar 2004.

III. KAFLI

SAMEIGINLEG AÐFERDAFRÆÐI FYRIR ÚTTEKTIR

7. gr.

Framkvæmd úttekta

Samræmisefirlit skal bæði fela í sér tilkynntar og ó-tilkynntar aðgerðir.

8. gr.

Flokkunarkerfi fyrir samræmisefirlit

Við úttektir, skoðanir og prófanir vegna flugverndar skal meta framkvæmd innlendrar flugverndaráætlunar í almenningsflugi með því að nota samhæft flokkunarkerfi sem er sett fram í II. viðauka.

IV. KAFLI

SAMEIGINLEGAR KRÖFUR FYRIR ÚTTEKTARMENN

9. gr.

Tiltækir úttektarmenn

Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að nægilegur fjöldi úttektarmanna sé tiltækur til að hægt sé að sinna samræmisefirliti.

10. gr.

Kröfur um menntun og hæfi úttektarmanna

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að úttektarmenn, sem starfa fyrir hönd viðeigandi yfirvalds, búi yfir viðeigandi menntun og hæfi, þ.m.t. fullnægjandi fræðilegri og hagnýtri reynslu á viðkomandi sviði.

2. Úttektarmenn skulu búa yfir:

- a) góðri þekkingu á innlendra flugverndaráætlun í almenningsslugi og hvernig henni er beitt í þeim rekstri sem er til athugunar,
- b) eftir því sem við á, þekkingu á strangari ráðstöfunum sem gilda í viðkomandi aðildarríki og á þeim stað sem er til athugunar,
- c) góðri verkþekkingu á tækni og aðferðum í flugvernd,
- d) þekkingu á meginreglum, verklagsreglum og aðferðum sem tengjast úttekt,

e) verkþekkingu á rekstrinum sem er til athugunar.

V. KAFLI

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

11. gr.

Miðlun upplýsinga um bestu starfsvenjur

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um bestu starfsvenjur að því er varðar áætlanir um gæðaeftirlit, aðferðafræði úttekta og úttektarmenn. Framkvæmdastjórnin skal miðla upplýsingunum til aðildarríkjanna.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júlí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

Varaforseti

I. VIÐAUKI

VIÐMÍÐUNARREGLUR UM SKÝRSLUGJÖF TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

Stjórnskipulag, ábyrgð og úrræði

- Ákvæði um skipulag gæðaeftirlits, ábyrgð og úrræði, þ.m.t. fyrirhugaðar breytingar.
- Fjöldi úttektarmanna, bæði núverandi og fyrirhugaður (sjá 9. gr.).
- Menntun og hæfi úttektarmanna, þjálfunaraðstaða, sem er notuð, og hjálpargögn (sjá b-lið 2. mgr. 4. gr. og 10. gr.).
- Skýring á því ef áætlun um gæðaeftirlit fyrir þennan hluta er ekki beitt til fulls.

Eftirlit með rekstri

- Staða við framkvæmd rekstraraðgerða: tegundir, markmið, inntak, tíðni og áherslur allra eftirlitsaðgerða (sjá c-lið 2. mgr. 4. gr.), þ.m.t. fjöldi úttekta á hverjum flugvelli og á hverju svæði þar sem gerðar eru kröfur um flugverndarráðstafanir (t.d. aðgangsstýringu, vernd loftfara, skimun lestarfangurs) eftir því sem við á og mögulegt er.
- Hlutfallið á milli eftirlits með rekstri og aðgerða á vettvangi (sjá 2. mgr. 5. gr.)
- Að hve miklu leyti kröfur um flugvernd eru uppfylltar í hverjum þætti fyrir sig (t.d. aðgangsstýring, vernd loftfara, skimun lestarfangurs) (sjá 8. gr.).
- Skýring á því ef framkvæmd flugverndaraðgerða er ekki beitt að öllu leyti.

Aðgerðir sem miða að því að lagfæra frávik

- Staða við gang aðgerða sem miða að því að lagfæra frávik (sjá d-lið 2. mgr. 4. gr.).
- Helstu áhyggjuþættir að því er varðar framkvæmd krafna um flugvernd (t.d. aðgangsstýring, vernd loftfara, skimun lestarfangurs).
- Helstu aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar eða ætlunin er að framkvæma til lagfæringar (t.d. þjálfun til að auka flugverndarvitund, vinnufundir, hvataáætlanir).
- Fullnusturáðstafanir sem gripið er til (sjá e-lið 2. mgr. 4. gr.).

Ástand flugverndar á flugvöllum

- Almennar upplýsingar um ástand flugverndar á flugvöllum í aðildarríkinu.

II. VIÐAUKI

Samræmt flokkunarkerfi fyrir samræmisefirlit

Nota skal eftirfarandi flokkunarkerfi fyrir samræmisefirlit til að meta framkvæmd innlendra flugverndaráætlunar í almenningsslugi.

	Flugverndarúttekt	Skoðun	Pröfun
Samrýmist að öllu leyti	✓	✓	✓
Samrýmist en lagfæringar æskilegar	✓	✓	✓
Samrýmist ekki/einungis minni háttar frávik	✓	✓	✓
Samrýmist ekki/alvarleg frávik	✓	✓	✓
Gildir ekki	✓	✓	
Óstaðfest	✓		

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1486/2003**

frá 22. ágúst 2003

um verklagsreglur við eftirlit á vegum framkvæmdastjórnarinnar á sviði flugverndar í almenningssflugi

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um verklagsreglur um framkvæmd eftirlits á vegum framkvæmdastjórnarinnar til að fylgjast með beitingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 í hverju aðildarríki og á hverjum flugvelli.

Eftirlitið skal fara fram á gagnsæjan, skilvirkan, samhæfðan og samræmdan hátt.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Viðeigandi yfirvald“: innlent yfirvald sem aðildarríki tilnefnið skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002.
2. „Eftirlit á vegum framkvæmdastjórnarinnar“: rannsókn af hálfu eftirlitsmanna framkvæmdastjórnarinnar á fyrirbyggjandi gæðaeftirliti og ráðstöfunum, verklagsreglum og skipulagi á sviði flugverndar til að ákvarða hvort reglugerð (EB) nr. 2320/2002 sé fylgt.
3. „Eftirlitsmaður framkvæmdastjórnarinnar“: einstaklingur með viðeigandi menntun og hæfi, sem framkvæmdastjórnin ræður til starfa, eða innlendir úttektarmaður sem annast eftirlit á sviði flugverndar í almenningssflugi í umboði framkvæmdastjórnarinnar.
4. „Nefndin“: nefnd sem er komið á fót skv. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002.
5. „Frávik“: þegar kröfur, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 2320/2002, eru ekki uppfylltar.
6. „Innlendir úttektarmaður“: einstaklingur sem aðildarríki ræður til starfa og er viðurkenndur sem úttektarmaður á sviði flugverndar í almenningssflugi í samræmi við 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1217/2003 (¹).
7. „Prófun“: prófun flugverndarráðstafana, þar sem líkt er eftir þeim ásetningi að fremja ólöglegt athæfi í þeim tilgangi að prófa skilvirkni við framkvæmd gildandi flugverndarráðstafana.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi (¹), einkum 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að fylgjast með beitingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 í aðildarríkjunum skal framkvæmdastjórnin hefja framkvæmd eftirlits að liðnum sex mánuðum frá gildistöku þeirrar reglugerðar. Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin hafi yfirumsjón með því að koma á skipulagi fyrir eftirlit til að sannprófa skilvirkni innlendra áætlana um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningssflugi.
- 2) Framkvæmdastjórnin skal samhæfa áætlun og undirbúning eftirlits á vegum framkvæmdastjórnarinnar í samráði við aðildarríkin. Í eftirlitshópunum skulu vera viðurkenndir, innlendir úttektarmenn sem aðildarríkin sjá um að útvega.
- 3) Eftirlit á vegum framkvæmdastjórnarinnar skal fara fram í samræmi við fasta málsmeðferð, þ.m.t. staðlaðar aðferðir.
- 4) Meðhöndla skal viðkvæmar upplýsingar um eftirlit sem leynilegar upplýsingar.
- 5) Framkvæmdastjórninni ber að taka tillit til þeirrar starfsemi sem fram fer í aðildarríkjunum og rannsaka starfsemi, verklagsreglur, þjálfunaráætlanir og aðstöðu milliríkjastofnana til að nýta sér á markvissan hátt tækniþekkingu og úrræði til að ná fram samhæfðri samstarfsstefnu á sviði flugverndar í almenningssflugi þegar það er mögulegt.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002.

(¹) Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

(²) Stjtið. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 44.

II. KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

3. gr.

Samvinna milli aðildarríkja

1. Með fyrirvara um ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar skulu aðildarríkin hafa samvinnu við hana um framkvæmd eftirlitsverkefna hennar. Þessi samvinna skal fara fram á undirbúnings-, eftirlits- og skýrslugjafarstiginu.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tilkynning um eftirlit sé trúnaðarmál til að tryggja að eftirlitsferlið haldi vægi sínu.

4. gr.

Beiting heimilda framkvæmdastjórnarinnar

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að eftirlitsmenn framkvæmdastjórnarinnar geti beitt heimildum sínum til að hafa eftirlit með starfsemi á sviði flugverndar í almenningsslugi hjá viðeigandi yfirvaldi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og hjá öllum öðrum stofnunum sem falla undir þessa reglugerð.

2. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að eftirlitsmenn framkvæmdastjórnarinnar hafi aðgang að öllum eftirfarandi skjölum óski þeir eftir því:

- innlendra áætlun í almenningsslugi, þ.m.t. innlend þjálfunaráætlun um flugvernd í almenningsslugi,
- innlendra áætlun um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningsslugi,
- flugverndaráætlunum fyrir tilgreindan flugvöll og flugrekanda,
- niðurstöðum úttektarinnar sem um getur í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002.

3. Á þeim stöðum þar sem eftirlitsmenn framkvæmdastjórnarinnar eiga í erfiðleikum með að sinna skyldum sínum skulu viðkomandi aðildarríki aðstoða framkvæmdastjórnina, eins og þeim er framast unnt, innan valdsviðs þeirra samkvæmt lögum, til að hún geti sinnt verkefni sínu til fulls.

5. gr.

Þátttaka innlendra úttektarmanna í eftirliti á vegum framkvæmdastjórnarinnar

1. Aðildarríkin skulu útvega framkvæmdastjórninni innlendra úttektarmenn sem geta tekið þátt í eftirliti á vegum framkvæmdastjórnarinnar og í tengdum undirbúnings- og skýrslugjafaráföngum.

2. Innlendir úttektarmaður skal ekki taka þátt í eftirliti á vegum framkvæmdastjórnarinnar í því aðildarríki þar sem hann er ráðinn til starfa.

3. Aðildarríkin skulu útvega framkvæmdastjórninni skrá yfir innlendra úttektarmenn sem framkvæmdastjórnin getur kvatt til þátttöku í eftirliti á vegum framkvæmdastjórnarinnar.

Uppfæra skal þessa skrá a.m.k. fyrir júnílok ár hvert og í fyrsta skipti innan tveggja mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar.

4. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni um skránar sem um getur í 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal, a.m.k. tveimur mánuðum áður en eftirlit á vegum hennar á að hefjast, fara fram á það við viðeigandi yfirvald að það upplýsi hvort innlendir úttektarmenn séu tiltækir til að annast þetta eftirlit.

6. Framkvæmdastjórnin skal standa straum af kostnaði við þátttöku innlendra úttektarmanna í eftirliti á vegum framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við reglur Bandalagsins.

6. gr.

Kröfur um menntun og hæfi eftirlitsmanna framkvæmdastjórnarinnar

1. Til að teljast hæfir til að annast eftirlit á vegum framkvæmdastjórnarinnar skulu eftirlitsmenn framkvæmdastjórnarinnar hafa lokið þjálfun með viðunandi árangri.

Þessi þjálfun skal:

- faggild af framkvæmdastjórninni,
- samanstanda af grunnþjálfun og reglubundinni endurþjálfun,
- tryggja fullnægjandi færni til að hafa eftirlit með því hvort flugverndarráðstafanir séu framkvæmdar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002.

2. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að eftirlitsmenn hennar uppfylli viðmiðin í 1. mgr. og að þeir hafi að baki fullnægjandi fræðilega og hagnýta reynslu.

III. KAFLI

VERKLAGSREGLUR UM FRAMKVÆMD EFTIRLITS Á VEGUM FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

7. gr.

Tilkynning eftirlits

1. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna um eftirlit með tveggja mánaða fyrirvara til viðeigandi yfirvalds á því yfirráðasvæði þar sem eftirlitið á að fara fram.

2. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðeigandi yfirvaldi um það þegar til stendur að framkvæma eftirlit á tilteknum flugvelli.

3. Þegar framkvæmdastjórnin tilkynnir viðeigandi yfirvaldi um eftirlit skal hún senda spurningalista, sem viðeigandi yfirvald á að útfylla, áður en eftirlitið hefst, og beiðni um skjöl sem eru talin upp í 2. mgr. 4. gr.

Útfyllti spurningalistinn og umbeðin skjöl skulu lögð fyrir framkvæmdastjórnina innan sex vikna frá viðtöku tilkynningarinnar um eftirlit.

8. gr.

Undirbúningur eftirlits

1. Eftirlitsmenn framkvæmdastjórnarinnar skulu annast undirbúningsaðgerðir til tryggja skilvirkni, nákvæmni og samræmi við eftirlitið.

2. Framkvæmdastjórnin skal láta viðeigandi yfirvaldi í té nöfn eftirlitsmanna framkvæmdastjórnarinnar, sem hafa umboð til að annast eftirlit, ásamt öðrum viðeigandi upplýsingum.

3. Viðeigandi yfirvald skal tilnefna samræmingaraðila fyrir hverja eftirlitsaðgerð sem skal sjá um hagnýtt fyrirkomulag eftirlitsins.

9. gr.

Framkvæmd eftirlits

1. Nota skal staðlaða aðferðafræði til að hafa eftirlit með því hvort kröfum um flugvernd í almenningsflugi, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 2320/2002, sé fylgt.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirlitsmenn framkvæmdastjórnarinnar séu alltaf í fylgd einhvers meðan á eftirlitinu stendur.

3. Eftirlitsmenn framkvæmdastjórnarinnar skulu hafa meðferðis kennivottorð, sem heimilar eftirlit fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar, og flugvallaraðgangskort sem veitir aðgang að öllum svæðum í eftirlitsskyni.

4. Prófanir skulu einungis framkvæmdar eftir að tilkynnt hefur verið um þær og þær hlotið samþykki, í nánu samráði við yfirvaldið, til að tryggja að prófanirnar fari fram á öruggan og skilvirkan hátt.

5. Með fyrirvara um 10. gr. skulu eftirlitsmenn framkvæmdastjórnarinnar, eftir því sem við á og því verður við komið, flytja óformlega samantekt á staðnum um niðurstöður sínar. Viðeigandi yfirvaldi skal ætíð tilkynnt þegar í stað um alvarleg frávik sem koma í ljós við eftirlit á vegum framkvæmdastjórnarinnar.

10. gr.

Eftirlitsskýrsla

1. Framkvæmdastjórnin skal senda viðeigandi yfirvaldi eftirlitsskýrslu innan sex vikna frá því að eftirlitinu lauk.

Viðeigandi yfirvald skal tilkynna þeim aðilum, sem sættu eftirliti, um þær niðurstöður sem máli skipta.

2. Í skýrslunni skal greint frá niðurstöðum og frávikum sem greindust við eftirlitið.

Í skýrslunni geta verið tilmæli um aðgerðir til úrbóta.

3. Eftirfarandi flokkunarkerfi skal gilda þegar framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 er metin:

- Samrýmist að öllu leyti,
- Samrýmist en umbætur æskilegar,
- Samrýmist ekki, minni háttar frávik,
- Samrýmist ekki, alvarleg frávik,
- Gildir ekki,
- Óstaðfest.

11. gr.

Svar viðeigandi yfirvalds

Viðeigandi yfirvald skal, innan þriggja mánaða frá sendingardeggi eftirlitsskýrslunnar, afhenda framkvæmdastjórninni skriflegt svar við skýrslunni þar sem það:

- fjallar um niðurstöðurnar og tilmælin,
- kveður á um aðgerðaáætlun, þar sem tilgreindar eru aðgerðir og frestir til að ráða bót á öllum tilgreindum frávikum.

Ef ekki eru tilgreind nein frávik í eftirlitsskýrslunni er einskis svars krafist.

12. gr.

Aðgerð framkvæmdastjórnarinnar

Ef um er að ræða frávik er framkvæmdastjórninni heimilt að grípa til eftirfarandi ráðstafana í kjölfar svars frá viðeigandi yfirvaldi:

- koma athugasemdum á framfæri við viðeigandi yfirvald eða fara fram á frekari upplýsingar til að skýra allt svarið eða hluta þess,
- gera ráðstafanir um eftirfylgni til að hafa eftirlit með framkvæmd aðgerða til úrbóta en tilkynnt skal um slíka eftirfylgni með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara,
- hefja málsmeðferð gagnvart viðkomandi aðildarríki vegna brots.

IV. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

13. gr.

Viðkvæmar upplýsingar

Framkvæmdastjórnin skal meðhöndla viðkvæmar upplýsingar, sem tengjast eftirliti, sem leynilegar upplýsingar, sbr. þó 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002.

14. gr.

Eftirlitsáætlun framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal ráðfæra sig við nefndina um forgangsröðun við framkvæmd eftirlitsáætlunarinnar.
2. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni reglulega um framkvæmd eftirlitsáætlunar sinnar og um niðurstöður matsins.

15. gr.

Upplýsingar til viðeigandi yfirvalda um alvarleg frávik

Ef alvarleg frávik koma í ljós við eftirlitið, sem talið er að hafi veruleg og almenn áhrif á flugvernd í almenningsflugi í Bandalaginu, skal framkvæmdastjórnin tilkynna viðeigandi yfirvöldum um það þegar í stað.

16. gr.

Samræming við milliríkjastofnanir

Þegar framkvæmdastjórnin skipuleggur eftirlitsáætlun sína skal hún taka tillit til flugverndarúttekta, sem milliríkjastofnanir hafa skipulagt eða framkvæmt nýlega, til að tryggja heildarskilvirkni þeirrar margvíslegu starfsemi sem felst í flugverndareftirliti og flugverndarúttekt.

17. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. júlí 2005 og reglulega eftir það, endurskoða eftirlitskerfi sitt og einkum skilvirkni þess og samræmi þess við starfsemi milliríkjastofnana á þessu sviði.

18. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. ágúst 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

Fylgiskjal 3.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1138/2004**

frá 21. júní 2004

um sameiginlega skilgreiningu á viðkvæmstu hlutum haftasvæða flugverndar á flugvöllum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr. og a-lið liðar 2.3 í viðaukanum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002 ber framkvæmdastjórninni að ákvarða sameiginlega skilgreiningu á viðkvæmstu hlutum haftasvæða flugverndar. Slík skilgreining skal a.m.k. taka til þeirra hluta flugvallar sem brottfararfarþegar hafa aðgang að eftir skimun og þeirra hluta sem lestarfarangur til brottfarar getur farið um eða kann að vera geymdur á, eftir skimun.
- 2) Allt starfsfólk, þ.m.t. flugáhafnir, ásamt hlutum sem menn bera á sér, skal skimað áður en aðgangur er veittur að viðkvæmstu hlutum haftasvæða flugverndar.
- 3) Heimila skal undanþágu fyrir þá hluta flugvallar þar sem skimaður lestarfarangur til brottfarar getur farið um eða kann að vera geymdur á ef hætta er á að starfsfólk, sem ekki hefur verið skimað, meðhöndli farangurinn eftir að tryggilega hefur verið gengið frá honum, án þess þó að slakað sé á kröfum um flugvernd. Gera skal ráðstafanir til að sjá til þess að ekki hafi verið átt við slíkan tryggilega frágenginn farangur áður en hann er settur um borð í loftfar.
- 4) Á flugvöllum þar sem mjög fátt starfsfólk hefur aðgang að haftasvæðum flugverndar skal leitast við að skapa jafnvægi milli þess að tryggja vernd og rekstrarskilvirkni.
- 5) Einungis skal heimila starfsfólki, sem ekki hefur verið skimað, aðgang að viðkvæmstu hlutum haftasvæða flugverndar á flugvöllum að því tilskildu að það sé alltaf í fylgd starfsfólks sem hefur verið skimað og hefur tilskilda heimild.

6) Ef aðrir aðilar, sem ekki hafa verið skimaðir, kunna að hafa haft aðgang að viðkvæmstu hlutum haftasvæða flugverndar skal láta fara fram nákvæma flugverndarleit til að ganga úr skugga um að bannaða hluti sé ekki að finna á viðkvæmstu hlutum haftasvæða flugverndar. Framkvæma skal allsherjar flugverndarleit á hlutum, sem eru ekki að staðaldri skilgreindir sem viðkvæmir hlutar, rétt áður en þeir eru aftur teknir í notkun sem slíkir.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Á þeim flugvöllum þar sem fleiri en 40 flugvallarstarfsmenn hafa aðgangskort, sem veitir aðgang að haftasvæðum flugverndar, skulu a.m.k. eftirfarandi hlutar teljast til viðkvæmstu hluta haftasvæða flugverndar:

- a) hver sá hluti flugvallar sem brottfararfarþegar, þ.m.t. handfarangur þeirra, hafa aðgang að eftir skimun,
- b) hver sá hluti flugvallar sem lestarfarangur til brottfarar getur farið um eða kann að vera geymdur á, eftir skimun, ef ekki hefur verið tryggilega gengið frá honum.

2. Að því er 1. mgr. snertir skal litið svo á að hluti flugvallar teljist til viðkvæmasta hluta haftasvæða flugverndar svo fremi sem:

- a) brottfararfarþegar, þ.m.t. handfarangur þeirra, séu til staðar í þeim hluta eftir skimun,

⁽¹⁾ Stjóttö. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

b) lestarfarangur til brottfarar fari um þennan hluta eða kunní að vera geymdur þar eftir skimun ef ekki hefur verið tryggilega gengið frá honum.

3. Að því er 1. og 2. mgr. snertir skal litið svo á að loftfar, hópþífreið, farangurskerra eða önnur samgöngutæki, göngu-brú/gangvegur eða landgöngubrú fyrir farþega sé hluti af flugvelli.

2. gr.

Í þessari reglugerð merkir „tryggilega frágenginn farangur til brottfarar“ skimaður farangur sem er gætt til að koma í veg fyrir að hlutum sé komið fyrir í honum.

3. gr.

Á þeim flugvöllum þar sem 40 flugvallarstarfsmenn eða færri hafa aðgangskort, sem veitir aðgang að haftasvæðum flugverndar, er aðildarríkjunum heimilt að halda áfram að skilgreina viðkvæmstu hluta haftasvæða flugverndar í samræmi við a-lið liðar 2.3 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2320/2002.

4. gr.

1. Allt starfsfólk, þ.m.t. flugáhafnir, ásamt hlutum sem menn bera á sér, skal skimað áður en aðgangur er veittur að þeim hlutum, sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr., þegar þessir hlutar tilheyra flugstöðinni.

2. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. janúar 2006, hafa innleitt fyrirkomulag sem tryggir að allt starfsfólk, þ.m.t. flugáhafnir, ásamt hlutum sem menn bera á sér, sé skimað áður en aðgangur er veittur að þeim hlutum sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr.

3. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. júlí 2009, hafa innleitt fyrirkomulag sem tryggir að allt starfsfólk, þ.m.t. flugáhafnir, ásamt hlutum sem menn bera á sér, sé skimað

áður en aðgangur er veittur að þeim hlutum sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr.

5. gr.

Gera skal ráðstafanir, eigi síðar en 1. júlí 2009, þegar um er að ræða tryggilega frágenginn farangur til brottfarar sem er meðhöndlaður af starfsfólki sem ekki hefur verið skimað til að tryggja að ekki hafi verið átt við farangurinn áður en hann er settur um borð í loftfar.

6. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. er ekki nauðsynlegt að skima starfsfólk áður en aðgangur er veittur að viðkvæmstu hlutum haftasvæða flugverndar að því tilskildu að það sé í fylgd starfsfólks sem hefur verið skimað og hefur tilskilda heimild.

Fylgdarmaður skal bera ábyrgð á því að starfsmaður, sem er fylgt, brjóti ekki öryggisreglur.

2. Þrátt fyrir 4. gr. er ekki nauðsynlegt að skima starfsfólk, sem yfirgefur viðkvæmasta hluta haftasvæða flugverndar tímabundið, þegar það kemur til baka að því tilskildu að það hafi verið undir stöðugu eftirliti sem nægir til að tryggja að það flytji ekki bannaða hluti inn á viðkvæmstu hluta haftasvæða flugverndar.

7. gr.

Þrátt fyrir 6. gr. skal, þegar einstaklingur, sem hefur ekki verið skimaður, hefur hugsanlega haft aðgang að viðkvæmstu hlutum haftasvæða flugverndar, láta fara fram nákvæma flugverndarleit í þessum hlutum.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. júní 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.